

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Já við skulum...!

- Greinargerð með kennarahandbók um leiklist -

Anna Ólöf Kristófersdóttir
030984-8039

Bergdís Júlía Jóhannsdóttir
191185-2699

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, grunnskólakennarafræði
Apríl 2009

Leiðsagnarkennari:
Kristín Ágústa Ólafsdóttir

Ágrip

Höfundar ákváðu að skrifa kennarahandbók um leiklist á unglíngastigi þar sem ætlunin er að veita nemendum innsýn í heim leikhússins. Með bókinni fylgir greinargerð sem styður við bókina með fræðilegri umfjöllun um leiklist í skólastarfi.

Í bókinni *Já við skulum...!* er tekið fyrir hvað þurfi að hafa í huga við kennslu leiklistar. Þá eru einnig heilræði til kennara um vinnu með hópum og hugmyndir að námsmati og uppbyggingu kennslustunda. Viðfangsefnið eru svo þrjú, æfingar sem þjálfa nemendur í grunnþáttum leiklistar, verkefni þar sem unnið er með heildarmynd leiksýninga og að lokum leiðarvísir áhorfandans þar sem leikhússferð, greining og ígrundun hennar er það sem nemendur fást við.

Í greinargerðinni er farið stuttlega yfir sögu og þróun leiklistar í skólastarfi í Evrópu og helstu frumkvöðlar á því sviði kynntir. Fjallað er um áhrifavalda og fræðimenn og hvernig hugmyndir þeirra hafa að mörgu leyti mótað leiklist í skólastarfi á Íslandi. Þá er staða leiklistar í *Aðalnámskrá grunnskóla* skoðuð sem og notkun leiklistar í íslensku skólalífi. Að lokum eru færð rök fyrir því að kenna ætti leiklist í grunnskólum og ástæður þess að höfundar ákváðu að skrifa kennarahandbók raktar.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 4 |
| Hugtakanotkun | 6 |
| 1. Þróun leiklistar í skólastarfi | 6 |
| 1.1. Skapandi skólastarf | 7 |
| 1.2. Upphaf leikrænnar tjáningar í Bretlandi | 8 |
| 1.3. Áhrifavaldar og fræðimenn | 9 |
| Peter Slade | 10 |
| Brian Way | 11 |
| Dorothy Heathcote og Gavin Bolton | 12 |
| David Hornbrook | 14 |
| Elliot Eisner, Andy Kempe og Marigold Ashwell | 15 |
| Jonothan Neelands | 15 |
| 1.4 Leiklist í skólastarfi á Íslandi | 16 |
| 1.5 Framtíðin | 17 |
| 2. Rök fyrir leiklist í skólastarfi | 18 |
| 2.1. Leiklist sem listgrein í grunnskóla | 18 |
| 2.2. <i>Já við skulum...!</i> | 22 |
| Lokaorð | 23 |
| Heimildir | 24 |

Inngangur

Leiklist hefur í gegnum tíðina fléttast inn í íslenskt skólastarf en mikil framþróun hefur orðið á undanförunum áratugum meðal annars undir áhrifum frá Bretlandi og Norðurlöndunum. Megin áherslan hefur verið lögð á leiklist í kennslu og leiksýningar á tyllidögum eða skólaskemmtunum. Hefur það þá gjarnan stjórnað af áhuga og vilja hvers og eins kennara. Minni áhersla hefur verið lögð á menntun nemenda um listformið sjálf, leiklist. Þó eru grunnskólar sem hafa fasta tíma á stundaskrá í leiklist eða bjóða uppá leiklist sem valgrein. Skólinn fær þá til sín leikaramenntaða einstaklinga sem að taka að sér kennsluna.

Áhugi okkar beggja á leiklist á rætur sínar að rekja allt til barnæsku þar sem við kynntumst leiklistinni örlítið í gegnum skólagöngu okkar en að mestu þó í leikhúsum landsins. Eftir fyrsta ár okkar í Kennaraháskóla Íslands stóðum við frammi fyrir vali á kjörsviði til sérhæfingar í einhverri grein. Fyrir utan áhuga okkar á leiklist urðum við fyrir áhrifum frá bekkjarkennara okkar Ásu Helgu Ragnarsdóttur sem varð til þess að við völdum kjörsviðið *Tónlist, leiklist, dans* með áherslu á leiklist.

Í kennaranáminu höfum við fengið að kynnast ólíkum hliðum leiklistarinnar meðal annars leiklist sem kennsluaðferð, leikrænni tjáningu og leiklist sem listformi. Þó leiklist í skólastarfi sé ekki ný af nálinni á Íslandi þá er hugtakanotkun enn nokkuð á reiki. Við munum því hér á eftir fjalla sérstaklega um hvaða skilningur er lagður í hugtökin sem við notum í greinargerð þessari. Þrátt fyrir að megin áherslan í námi okkar hafi verið lögð á leiklist í kennslu kviknaði áhugi á því að kenna leiklist sem sérstaka grein innan grunnskólans. Hér er þó ekki um andstæður að ræða heldur dæmi um það hvað leiklist getur gegnt margvíslegum hlutverkum í skólastarfi og í raun hafa þessar ólíku nálganir mörg sameiginleg markmið. Leiklist er listgrein og því finnst okkur sjálfsagt að hún eigi heima í grunnskólanum ásamt þeim listgreinum sem nú þegar hafa haslað sér þar völlu.

Leiklistin er mun víðfeðmari en margir gera sér grein fyrir. Rætur hennar eiga sér langa sögu allt aftur að upphafi mannkynssögunnar og hún teygir sig yfir nánast alla þætti samfélagsins. Leiklistin getur því gegnt margvíslegum hlutverkum í skólastarfi og með henni er hægt að ná fjölbreyttum markmiðum. Í leiklist þjálfast meðal annars

einbeiting, tjáningarþor, skynjun og næmi, líkams- og hreyfivítund, raddbeiting, sjálfstraust, samvinna, samkennd, sköpun, framkoma og ímyndunarafl. Í bók okkar *Já við skulum...*! höfum við hugsað okkur að leggja fram æfingar sem vinna markvisst að þessum markmiðum. Þó er tilgangur okkar með bókinni ekki síst að þroska og þjálfva nemendur sem listunnendur en eins og Elliot Eisner (2002:70) sagði þá læra nemendur ávallt meira eða minna en það sem markmiðin segja til um í upphafi.

Við teljum að leikhúsið eigi að vera grundvöllur menningarlegrar, samfélagslegrar og fagurfræðilegrar umræðu og að eitt af markmiðum með kennslu leiklistar í grunnskólum sé að gera nemendur að upplýstum áhorfendum sem kunna að meta leiklistina á grundvelli þekkingar sinnar. Við veltum því fyrir okkur hvernig hægt væri að ná þessu markmiði og hvaða leiðir séu þar árangursríkastar. Hvernig er best að skipuleggja kennsluna? Hvað þarf kennarinn að hafa í huga?

Í B.Ed. verkefni þessu leggjum við til efni og útfærum kennsluleiðbeiningar með áherslu á að auðga skilning nemenda á listformi leikhússins. Verkefni okkar, sem sett er upp í bók, er ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir kennara sem ætla sér að vinna með leiklist á unglingastigi grunnskólans. Markmið þeirrar kennslu er ekki að skapa snillinga í leiklist heldur fremur að kynna fyrir nemendum listformið sem slíkt. Þá er ætlunin að kenna þeim aðferðir leiklistar til þess að þeir geti notið hennar hvort heldur sem er sem þátttakendur eða áhorfendur.

Kennarahandbók þessi inniheldur fjóra aðalkafla, sem eru:

Kennsla leiklistar: Ábendingar til kennara um hvað þarf að hafa í huga við kennslu leiklistar, hugmyndir að uppbyggingu kennslustundar og námsmat.

Æfingar: Æfingabanki sem kennarinn getur leitað í auk kennsluleiðbeininga.

Verkefni: Hugmyndir að verkefnum sem snerta heildarmynd leiksýninga. Verkefnunum er ætlað að dýpka skilning nemenda á mikilvægi þess að sjá alla þættina sem mynda heildina.

Leiðarvísir áhorfandans: Hugmyndir að verkefnum fyrir leikhúsferðir þar sem dregin er saman sú kunnátta sem æfingar og verkefni hafa þegar byggt upp.

Það er von okkar að verkefni þetta færi þekkinguna á þessu sviði fram um eitt hænuft.

Hugtakanotkun

Leiklist í skólastarfi er regnhlífarhugtak sem nær yfir alla notkun leiklistar innan skólans, hvernig sem henni er háttað. Það er eðlilegt að fólk sé óöruggt í notkun hugtaka undir þessari regnhlíf. Til dæmis er leikræn tjáning einkar víðtækt hugtak sem lengi vel hefur verið notað í íslensku skólastarfi. Ekki leggja allir sömu merkingu í hugtakið og fer hún oft eftir því hver markmiðin eru og hvaða aðferðum er beitt. Máli okkar til einföldunar höfum við ákveðið að skýra út þau hugtök sem við komum til með að nota:

- *Leikræn tjáning*: Megin markmið kennslunnar er að efla persónulegan og félagslegan þroska. Þó eru aðferðir leikrænnar tjáningar bæði notaðar í leiklist og í leiklist í kennslu.
- *Leiklist*: Megin markmið kennslunnar er að auðga menningarlega og listræna þekkingu ásamt því að auka hæfni og skilning á listforminu.
- *Leiklist í kennslu*: Megin markmiðið er að dýpka skilning nemenda í öðrum námsgreinum, leiðir leiklistar eru notaðar sem kennsluáferð.

(Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:14).

Þetta er sá skilningur sem við leggjum í ofangreind hugtök. Hugtakið leikræn tjáning hefur frá því um 1970 verið notað yfir nánast alla aðra þætti leiklistar en uppsetningu leikverka í íslensku skólastarfi. Til að mynda náði hugtakið yfir ensk hugtök á borð við *playway*, *speech-training*, *child drama*, *creative drama* og *drama in education* svo nokkur dæmi séu nefnd. Árið 2004 kom út bókin *Leiklist í kennslu* eftir Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttur þar sem *drama in education* er þýtt yfir á íslensku. Eðlilegt er að ruglingur sé á milli þessara tveggja hugtaka enda skarast þau að mörgu leyti. Í eftirfarandi köflum er að mestu notast við hugtakið leikræn tjáning þó að í sumum tilfellum væri í dag talað um leiklist í kennslu.

1. Þróun leiklistar í skólastarfi

Um langt skeið hafði hinn hefðbundni skóli nánast einungis miðast við það að fylla nemendur af þekkingarlegum upplýsingum sem þeir voru síðan prófaðir úr. Um aldamótin 1900 varð breyting á þegar talsmenn róttækrar umbótastefnu skólamála fóru að tala gegn þessum hefðbundna skóla. Þeir kröfðust þess að listir og skapandi

starf yrði hluti af skólalífinu, það myndi efla það og gera það auðugra. Þeir sögðu að nemendur ættu að fá útrás fyrir tilfinningar sínar, hugmyndaflug og sköpunarkraft en að þeirra mati var ekki lögð rækt við það í hinum hefðbundna skóla. Með þessu vildu talsmenn umbótastefnunnar meðal annars koma til móts við áhuga og hæfileika hvers og eins (Myhre 2001:163).

1.1. Skapandi skólastarf

Kennarafélag til örvunar listmenntunar í skólum var stofnað í Hamborg árið 1896. Fyrsta listmenntaráðstefnan var haldin í Dresden árið 1901 og var Alfred Lichtwark (1852-1914) einn þeirra sem að henni stóð. Hann var forstöðumaður listasafnsins í Hamborg og átti stóran þátt í að gera listir hluta af uppeldi og fræðslu. Lichtwark stóð fyrir ýmsum listanámskeiðum fyrir kennara og reyndi að kveikja áhuga meðal þeirra. Hann sagði á listmenntaráðstefnu í Weimar 1903 að skólinn ætti að nýta hæfileika barnanna í stað þess að fylla þau sífellt af nýjum upplýsingum. Hann sagði að tjáningarhæfileikinn væri barninu eðlislægur og skólinn ætti ekki að láta hann ósnertan heldur nýta þann „dýrmæta sjóð“ (Myhre 2001:164).

Sænski uppeldisfræðingurinn Ellen Key (1849-1926) var ein þeirra sem krafðist breytinga á fræðslu og uppeldi barna en hún var meðal fyrstu kvenna til að hljóta mikla athygli fyrir kenningar sínar um allan heim. Þekktasta verk Key er bókin *Öld barnsins* sem kom út árið 1900 og hefur verið þýdd yfir á fjölmörg tungumál. Í henni fjallar Key meðal annars um menntun, þróun einstaklingsins og uppeldi barna (Lengborn 1994:829-830).

Key taldi að markmiðið með menntun væri að skapa frjálsa og sjálfstæða einstaklinga. Henni fannst börnin oft vera mötuð og látin læra eitthvað sem þau höfðu engan áhuga á. Hún vildi að börnin fengju útrás fyrir sköpunarkraft sinn og umhverfið ætti að vera uppörvandi með listaverkum og bókasöfnum. Hún sagði að kennarinn ætti að ræða við nemendur og leiðbeina þeim í námi sínu í stað þess að leggja fyrir próf (Lengborn 1994:832-835). Margir fræðimenn höfðu áhrif á Key og ber þar helst að nefna Jean Jacques Rousseau (Myhre 2001:163). Gaman er að segja frá því að á fyrstu árum 20. aldarinnar var leiklist notuð sem kennsluáferð í sænskum stúlknskóla sem var lítaður af hugmyndum Key (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:11).

Mikill áhrifavaldur í uppeldis- og fræðslustarfi var John Dewey (1859-1952) prófessor í heimspeki, sálarfræði og uppeldisfræði. Dewey var að ýmsu leyti á sama máli og Ellen Key og Alfred Lichtwark. Hann gagnrýndi skólana fyrir að taka ekki mið af hæfileikum og áhuga barnanna og skipuleggja kennsluna út frá því. Að mati Dewey eru félagshvöt, rannsóknarhvöt, sköpunarhvöt og listhvöt meðfæddir hæfileikar barnanna og á skólinn að leitast við að virkja þá. Kennarinn á að miða viðfangsefnin og umhverfið við áhugamál barnanna og þroska þar með hæfileika þeirra. Dewey lagði áherslu á að kennarinn veitti börnunum tækifæri til þess að spreyta sig og uppgötva viðfangsefnin en markmiðin þurfa ávallt að vera skýr. Þetta kallaði Dewey „*learning by doing*“ eða nám í verki (Braanaas 2002:18-19; Myhre 2001:170-174).

Eins og sjá má lögðu umbótasinnar áherslu á að hafa barnið í brennidepli og átti námið að miðast við áhuga þess og hæfileika. Börnin átti að virkja til tjáningar og sköpunar og efla sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum. Við teljum líkt og umbótasinnar að listgreinakennsla komi til móts við þessa þörf.

1.2. Upphaf leikrænnar tjáningar í Bretlandi

Við teljum að löng hefð leiklistar á Bretlandi hafi áhrif á hvernig leiklist er nýtt í skólastarfi þar í landi. Verk Shakespeare hafa til dæmis verið nýtt í skólastarfi bæði hér á landi og í Bretlandi. Leikræn tjáning og leiklist í skólastarfi hefur sótt til langrar hefðar í breskum skólum. Þaðan hafa sprottið margir sérfræðingar og fræðimenn á þessu sviði.

Meðal þeirra fyrstu sem vitað er til að nýtti sér leikræna tjáningu í skólastarfi í Bretlandi var Harriet Finley Johnson. Hún stofnaði sveitaskóla í Sussex árið 1890 með áherslu á leikræna tjáningu sem kennsluáðferð og gaf síðar út bókina *The Dramatic Method of Teaching*. Johnson mætti vel kalla frumkvöðul á þessu sviði en hún hefur þó oft verið í skugga af öðrum áhrifavöldum á borð við Peter Slade og Brian Way. Margir hafa leitað í kennslufræði hennar og þar á meðal eru Dorothy Heathcote og Gavin Bolton (Anna Jeppesen 1994:8; Braanaas 2002:45).

Breski kennarinn Caldwell Cook (1886-1937) var einn þeirra sem sóttu sér fyrirmynd í kenningum Dewey. Í drengjaskólanum The Perse School þar sem Cook starfaði var leiklistin notuð í bland við aðrar greinar einkum vegna áhuga skólastjórans. Þar hlaut Cook mikla reynslu og endaði á því að gefa út bókina *The play way* árið 1917. Hann taldi best að nám væri bundið við áhuga nemenda og sagði að leikurinn væri náttúruleg aðferð barnsins við nám. Hann sagði líkt og Dewey að þekking komi ekki í gegnum lestur og hlustun heldur með prófun og uppgötvun. Þessa sýn hans má vel sjá í vinnu hans með nemendum sínum þar sem hann lét þá vinna út frá leikverkum Shakespeare í móðurmáls kennslu. Cook sagði að með þeim hætti fengju nemendur að kynnst sögu leikhússins og öðluðust smá saman sjálfstæði til þess að skrifa eigin leikverk (Anna Jeppesen 1994:8; Braanaas 2002:45-47; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:16).

Summerhillskólinn í Bretlandi er gott dæmi um skóla sem mótar námið að miklu leyti í kringum listgreinarnar, þar með talið leikræna tjáningu og leiklist. Stofnandi hans Alexander S. Neill (1883-1973) var einkar upptekinn af óskipulögðum leik barnanna þar sem algert frelsi er fyrir ímyndunaraflíð. Neill var hinsvegar ekki sammála Cook um að leikræn tjáning ætti að vera einskonar kennsluaðferð heldur fannst honum hún eiga að vera sjálfstæð grein (Anna Jeppesen 1994:8; Braanaas 2002:43-44; Neill 1976:77). Í bók sinni *Summerhillskólinn* (1976) lýsir Neill lífi barnanna í skólanum og reynslu sinni þar. Þar talar hann örlítið um leiksýningar sem haldnar eru í skólanum á hverjum vetri. Okkur þótti sá hluti bókarinnar verulega athyglisverður meðal annars vegna þess hversu ákveðnar hugmyndir Neill hafði um leikhús fyrir börn. Sem dæmi má nefna að hann segir að allt verði að koma frá börnunum sjálfum og engin leikrit séu sýnd nema þau séu skrifuð í skólanum, helst af börnunum en stundum af kennurunum. Eins talar hann um hversu gott það sé fyrir börnin að stíga á svið, þau öðlist meira sjálfstraust og að leika á sviði sé hluti af uppeldinu (Neill 1976:81-85).

1.3. Áhrifavaldar og fræðimenn

Leiklist í íslensku skólastarfi hefur orðið fyrir miklum áhrifum frá ýmsum fræðimönnum og þar hafa Bretar átt stóran þátt. Einnig gætir nokkurra áhrifa frá Norðurlöndunum og Bandaríkjunum og þar má nefna sérfræðinga á borð við Grete Nissen sem hélt nokkur námskeið hérlandis á áttunda áratugnum, Else Olenius og

Winifred Ward, en um þá verður þó ekki fjallað sérstaklega (Kristín Á. Ólafsdóttir 2005; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:11;21) Hér á eftir munum við kynna stuttlega þá fræðimenn sem við teljum að hafi haft hve mest áhrif á leiklist í skólastarfi á Íslandi.

Peter Slade

Hugmyndir Peter Slade um leiklist í skólastarfi vöktu nokkra athygli árið 1948. Þær voru að mörgu leyti ólíkar þeim hugmyndum sem viðgengust á þeim tíma um þjálfun framsagnar, hreyfingar og leiks sem tóku mið af atvinnuleikhúsi. Slade vildi heldur þróa leik barnanna í leikræna, skapandi og listræna tjáningu. Honum var mjög umhugað um persónu- og félagsþroska barnanna og þróaði út frá þeirri hugsun það sem hann vildi kalla *barnadrama* (e. *child drama*) en þýtt hefur verið á íslensku sem leikræn tjáning (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:15-16). Hann byggði aðferð sína á eigin reynslu og athugunum á vettvangi þar sem hann fylgdist með leik barna í um þrjátíu ár. Um þetta skrifaði hann í bók sinni *Child drama* en þar leggur hann áherslu á að barnadrama sé sjálfstætt listform (Slade 1958:1).

Slade vill greina á milli barnadrama og þess sem við þekkjum sem leiklist leikhússins. Í þessu samhengi segir hann að rætur barnadrama sé leikur og engin skil séu á milli þess að vera þátttakandi eða áhorfandi en það sé hins vegar í leikhúsinu (Braanaas 2002:49; Slade 1958:1-2). Hann sagði að óæskilegt væri að kenna börnum upp að unglíngastigi það sem kallað er leikhús (e. *theatre*). Þar á hann við æfðar sýningar með tilbúnum handritum og áherslu á samspil leikara og áhorfenda. Hann taldi þetta gera börnin sjálfmiðuð og skemma einlæga sköpun þeirra (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:17).

Í barnadrama eru allir þátttakendur og áhorfendur um leið þar sem sköpun og tjáning barnsins er frjáls. Slade notast við ýmsar æfingar sem þjálfa meðal annars skynjun og einbeitingu. Gott rými taldi Slade mikilvægt í leikrænni tjáningu og ef kennari hefði tök á að nýta sal skólans ætti hann hiklaust að gera það (Slade 1974:115). Hann var mjög upptekinn af hringforminu og vakti athygli á mikilvægi hringsins þegar unnið er í hóp. Með því að vera í hring finna nemendur fyrir meira öryggi til tjáningar og allir sjá framan í hina. Að öðru leyti var Slade mjög áhugasamur um form sem

myndast í sköpun og tjáningu barnanna og skoðaði þróun þeirra allt frá fæðingu (Anna Jeppesen 1994:9; Slade 1958:6-7).

Peter Slade segir að kennarar þurfi að rækta hugmyndir nemenda og leyfa þeim að finna að það sem þeir gera er mikilvægt og að hugmyndir þeirra séu mikils virði fyrir útkomuna. Börn eru allt of oft að vinna með efni sem býið er til af fullorðnum en Slade taldi börn læra meira með því að vinna með eigin hugmyndir og út frá eigin hugar- og reynsluheimi (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:16-18; Slade 1974:134). Hann gagnrýndi einhliða áfyllingar kennslu þar sem útflæðinu væri sleppt, ekkert kæmi frá börnunum sjálfum heldur aðeins frá kennaranum. Hann segir að börnin læri og þroskist mun meira með því að fá að gera sjálf og upplifa sjálf heldur en að apa sífellt upp eftir kennaranum (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:14-18). Slade taldi að hópefli styrkti einstaklinga félagslega og bætti sjálfsmynd þeirra. Hann taldi einnig að leiklistin styrkti aga og að nemendur yrðu næmari á tilfinningar fólksins í kringum þá (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:15-17).

Brian Way

Það eru sennilega margir sem átta sig ekki á því að við notum ímyndunaraflið á hverjum degi og að það gegnir ótrúlega stóru hlutverki í því sem við segjum og gerum. Brian Way (1967:42-43) segir að allir séu fæddir með ímyndunarafl og leggur áherslu á að menntun feli í sér tækifæri til að þroska ímyndunarafl einstaklinga. Hann sagði að hugmyndin á bak við leiklist í skólastarfi væri að styrkja og byggja einstaklinga upp en ætlunin væri ekki að nemendur yrðu atvinnuleikarar (Way 1967:38-39).

Way var lærisveinn og samstarfsmaður Peter Slade en hann vann áfram með hugmyndir Slade og setti þær í fastari skorður. Í bók sinni *Development through drama* setti Way fram á skipulagðan hátt æfingar sem hann síðan flokkaði eftir því hvað þjálfaði átti. Flokkarnir eru sjö; einbeiting, skynjun, ímyndun, líkami, mál, tilfinningar og greind. *Persónuleikahringurinn* var heitið sem hann gaf kerfinu með þessum sjö flokkum. Hringformið valdi hann vegna þess að á hring eru allir punktar jafn gildir upphafspunktar einnig vegna þess að hægt er að snúa til hvers punktar aftur og aftur. Meiri framfarir verða eftir því sem komið er oftar við á sama punktinum.

Þessu er alveg öfugt farið ef hugsað er um línu þar sem þjálfun hvers þáttar fer frá A-B. Way taldi að allir ættu möguleika til að þróa eða þroska alla þætti persónuleikahringsins (Anna Jeppesen 1994:9-10; Way 1967:11-13).

Markmið leiklistar í skólastarfi samkvæmt Brian Way er í aðalatriðum að byggja upp einstaklinga, kenna þeim á lífið og samfélagið, kenna samvinnu, efla sköpunargáfu og veita frelsi til innlifunar og tjáningar. Með leiklistinni væri einnig hægt að sporna gegn félagslegum og sálrænum vandamálum eða hjálpa nemendum að vinna úr þeim og veita þeim ákveðinn aga (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:18-21). Hann taldi að mikilvægt væri að kennslustundir í leikrænni tjáningu byrjuðu með upphitun, því næst væri farið í skynjunar- og einbeitingaræfingar, eftir það í spuna og endað á slökun. Kennarinn á að leiðbeina og stjórna kennslunni en gefa nemendum þó ákveðið svigrúm. Bók Brian Way getur nýst kennurum sem góð handbók við kennslu leikrænnar tjáningar og leiklistar enn í dag en æfingar hans hafa þó verið gagnrýndar fyrir að gefa of lítið svigrúm til sköpunar (Anna Jeppesen 1994:10-11).

Hugmyndafræði og aðferðir þeirra Slade og Way er víða að finna í lesefni um leikræna tjáningu sem gefið var út á íslensku, einkum á áttunda áratugnum og fram á þann nítunda (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:69-71).

Dorothy Heathcote og Gavin Bolton

Á síðari hluta 20. aldar urðu frumkvöðlarnir Dorothy Heathcote og Gavin Bolton þekkt fyrir notkun sína á leiklist í skólastarfi. Aðferðir þeirra beinast að því að leikræn tjáning geti nýst í öllum námsgreinum skólans sem kennsluáðferð. Að mati þeirra geta aðferðir leiklistar auðveldað nemendum að tileinka sér viðfangsefnið hverju sinni (Anna Jeppesen 1994:11-12; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:24).

Dorothy Heathcote og Gavin Bolton störfuðu mikið saman enda að mörgu leyti með svipaðar áherslur. Í grunninn byggja aðferðir þeirra á sömu hugmyndum og aðferðir Peter Slade og Brian Way. Þau leggja bæði áherslu á að kennslan byggi á reynsluheimi og þekkingu nemenda. Bolton leggur jafna áherslu á listformið sjálf sem og kennsluáðferðina og hann telur að leiklistin (e. *theatre*) sé hinn sameiginlegi grunnur leikrænnar tjáningar og leiklistar í kennslu (Anna Jeppesen 1994:11-12;

Braanaas 2002:213; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:27). Bolton skiptir leiklist í skólastarfi í eftirfarandi fjóra flokka: *Leikrænar æfingar, spuni, leiksýning og leikræn tjáning til að auka skilning*. Síðasti flokkurinn er blanda af fyrstu tveimur flokkunum og jafnvel þeim þriðja þó svo að aðalatriðið sé upplifun nemendanna (Anna Jeppesen 1994:14). Síðasti flokkurinn mundi í dag falla undir hugtakið *leiklist í kennslu* þegar um er að ræða beitingu aðferðanna til þess að dýpka skilning á námsefni ýmissa greina.

Markmið Heathcote er að gefa nemendum dýpri og merkingarbærari þekkingu og auka við fyrri þekkingu þeirra og reynslu. Hún vill ekki einungis dýpka þekkingu þeirra á námsefninu heldur einnig á lífinu og samfélaginu sjálfu og hún leggur mikla áherslu á að leiklist eflí sjálfsþekkingargreind nemenda (Johnson & O'Neill 1984:12) líkt og Slade og Way gerðu. Aðferðir hennar byggja á því að nemendur setji sig í spor annarra og kynnist ólíkum tilfinningum, hugmyndum og skoðunum. Eins vildi hún að nemendum gæfist tækifæri til að skoða ólík samfélög og í hlutverki upplifa aðstæður og atburði sem tilheyra sögunni, nútímanum eða framtíðinni. Þetta flokkaði Heathcote undir heim sem hún kallaði *as if* en hann er í raun andstæðan við raunveruleikann en getur þó um leið verið spegilmynd hans. Þar getur nánast allt gerst og nemendur fá að prófa sig áfram í ólíkum aðstæðum sem þeir sjálfir eða einhver annar. Heathcote sá leiklist ekki sem sérstaka námsgrein innan skólans heldur sem aðferð til kennslu fyrir hinn almenna kennara (Anna Jeppesen 1994:12; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:24-25).

Heathcote er einna þekktust fyrir aðferð sína *kennari í hlutverki* þar sem hún brá sér í ýmis hlutverk meðal annars í þeim tilgangi að koma með nýjar aðstæður inn í atburðarásina og hafa þannig áhrif á upplifun nemenda og framhald leikferlisins. Hún tók skýrt fram að kennari yrði þó að passa að nemendurnir falli ekki svo í skugga af leik kennarans að þeir finni fyrir óöryggi. Eins benti hún réttilega á að með þessari aðferð væri viss hættu á að kennari yrði of stýrandi og sköpun barnanna yrði að engu (Braanaas 2002:210-211).

Þó að breskir leiklistar sérfræðingar séu ekki í öllu sammála kenningum Bolton og Heathcote eru þó flestir á þeirri skoðun að þau hafi sýnt fram á gildi leikrænnar tjáningar í kennslu auk þess að þeim sé að þakka hversu aðgengileg hún er orðin fyrir kennara (Anna Jeppesen 1994:15).

David Hornbrook

Í bók sinni *Education and Dramatic Art* gagnrýnir David Hornbrook (1998a) mjög forvera sína og samtímamenn fyrir nálgun þeirra á leiklist í skólustarfi. Hann virðist lítið hrifinn af aðferðum Heathcote og Bolton og segir til að mynda að Heathcote sé mjög stýrandi í leiklistarkennslu sinni. Eins segir hann að hún eigi það til að gleyma sér sem þátttakandi í ferlinu. Honum finnst hún hafa fengið of mikið lof fyrir störf sín (Hornbrook 1998a:12;18).

Hornbrook taldi augljósa ástæðu vera fyrir því að hið listræna gildi leiklistarinnar hvarf úr skólustarfi. Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar notuðu kennarar aðferðir leiklistarinnar og leikrænnar tjáningar til að efla persónu- og félagsþroska barna. Hornbrook lítur hins vegar svo á að slíkar aðferðir eigi ekkert sammerkt með listgreininni sjálfri. Hann virðist mjög andvígur hugmyndum Slade og Way sem og annarra fræðimanna á seinni hluta 20. aldar. Honum finnst þeir einblína um of á sjálfsþekkingu, styrkingu, hópastarf og fleira slíkt og að þeim hafi misfarist að kenna nemendum um leikrit, leikara og leikhús (Hornbrook 1998a:8-12; Hornbrook 1998b:53).

En þrátt fyrir að Hornbrook hafi sett mjög út á aðferðir leikrænnar tjáningar og leiklistar í kennslu hafði hann margt gott fram að færa í sambandi við kennslu leiklistar. Hann leit svo á að markmið listgreinakennslu væru svipað og í öðrum námsgreinum að nemendur nái framförum og geti nýtt sér þekkingu sína og þróað hana áfram. Lokamarkmið í tónlist og sjónlistum í sambandi við tæknileg atriði og listræn gildi taldi hann að mætti heimfæra á leiklistina. Í því samhengi nefnir hann þörfina fyrir námskrá í leiklist en segir jafnframt að leiklist muni aldrei öðlast þá viðurkenningu sem aðrar listgreinar hafa náð innan skólans nema að hafa sérmenntaða kennara við störf. Kennarar deila þekkingu sinni og kunnáttu til nemenda með það að leiðarljósi að þeir geti notfært sér hana og þróað hana áfram. Því telur hann rangt að hver sem er geti kennt leiklist sem listgrein (Hornbrook 1998b:51-52; Hornbrook 1998c:13-15).

Elliot Eisner, Andy Kempe og Marigold Ashwell

Í bókinni *Progression in Secondary Drama* sem skrifuð er af Andy Kempe og Marigold Ashwell leggja höfundar grundvöll að leiklistarkennslu með áherslu á að efla skilning og þekkingu nemenda á listforminu. Kempe og Ashwell segja að leiklist reyni vissulega á tjáningu og sköpun nemenda, byggir upp sjálfsöryggi og hvetji til samvinnu nemenda og er það frábært í sjálfu sér. Margar leiklistaræfingar vinna að þessum markmiðum en aðal áherslan í leiklist ætti þó ekki að liggja þar. Áherslan ætti fremur að vera sú að nemendur kynnist listforminu, leikhúsinu, sögu þess, ólíkum stílum og fái tækifæri til að vinna út frá því. Persónu- og félagsþroski ætti að vera markmið í öllu skólasterfi, ekki bara í leiklist. Leiklist er grein sem krefst þekkingar og hæfileika á ákveðnu sviði og ætti því auðvitað að fá sæti í námskrá á eigin forsendum (Kempe og Ashwell 2000:1-3;8).

Áherslan á greinar á borð við tungumál og stærðfræði er of mikil í námskrám grunnskóla en námskrár með slíka áherslu geta ekki verið fullnægjandi að mati hins bandaríska sérfræðings um námskrár og listgreinakennslu, Elliot Eisner. Honum þykir það kaldhæðnislegt að listgreinarnar eru einmitt formið þar sem hugsunin fær að blómstra en engu að síður eru þær vanræktar af skólakerfinu. Listgreinarnar bjóða einmitt uppá svo margvíslegar leiðir við lausnir verkefna og reyna ekki síst á dómgreind og skynsemi nemenda (Eisner 1998:22-28).

Jonathan Neelands

Í Warwick háskóla í Bretlandi starfar breski prófessorinn Jonathan Neelands en hann er einn þeirra sem hefur þróað áfram hugmyndir og aðferðir Heathcote og Bolton. Neelands leggur áherslu á að leiklist í kennslu (*e.educational drama*) og leiklist (*e.theatre*) séu tvær greinar af sama meiði og hefur markvisst unnið að því að brúa bilið þar á milli (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir 2006:8). Neelands hefur haldið fjölda námskeiða, tvisvar hérlendis. Ása Helga Ragnarsdóttir bókahöfundur og kennari leiklistar í kennslu var nemandi Neelands í Englandi (Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:28).

Þegar börn setja sig í spor annarra einstaklinga öðlast þau nýja sýn á þá sem eru öðruvísi en þau sjálf og það telur Neelands vera einn mikilvægasta þátt leiklistar í

skólastarfi. Sömuleiðis telur hann að nemendur öðlist visst sjálfsöryggi í gegnum þessa aðferð og kynnist nýjum hliðum á sjálfum sér þegar þeir þurfa að leysa vandamál sem einhver önnur persóna. Þá koma gjarnan fram leyndir hæfileikar. „Leiklist dregur fram styrk, hvetur til drauma og gefur þér færi á að nýta hæfileika þína“ segir í bókinni *Improve Your Primary School Through Drama* sem Neelands skrifaði ásamt Rachel Dickinson (Dickinson & Neelands 2006:15).

1.4 Leiklist í skólastarfi á Íslandi

Gjarnan hefur leiklist í skólastarfi á Íslandi verið tengd við sýningar af einhverju tagi innan skólans og á sú hefð sér langa sögu. Hins vegar hefur leikræn tjáning átt erfitt uppdráttar hér á landi. Árið 1972 var gefin út endurbætt álitsgerð um nám og kennslu móðurmálsins á skyldustigi. Þar kemur hugtakið leikræn tjáning í fyrsta sinn fram á prenti. Í kjölfarið skrifaði Baldur Ragnarsson bókina *Mál og leikur* þar sem hann varpar fram hugmyndum um notkun leikrænnar tjáningar í kennslu. Í bókinni styðst Baldur við ýmsa erlenda fræðimenn, þar á meðal Brian Way. Í *Aðalnámskrá grunnskóla 1976* var vísað til bókar Baldurs og leikræn tjáning þar nefnd sem kennsluáðferð. Hér má segja að fyrstu formlegu skref leikrænnar tjáningar hafi verið stigin í íslensku skólastarfi (Kristín Á. Ólafsdóttir 2005).

Gavin Bolton kom til Íslands sumarið 1981 og kenndi á námskeiði við Kennaraháskólann. Námskeiðið sótti meðal annarra Anna Jeppesen sem seinna fór til Durham og lauk þaðan mastersnámi í kennsluáðferðum með áherslu á leikræna tjáningu en Bolton og Heathcote voru meðal kennara hennar. Að náminu loknu skrifaði Anna bók um leikræna tjáningu, *Mál og túlkun* sem kom út 1994 (Kristín Á. Ólafsdóttir 2005). Hún starfaði við Æfinga- og tilraunaskóla KHÍ í mörg ár og nýtti þar leikræna tjáningu óspart við kennslu námsefnisins. Anna kenndi einnig verðandi kennurum aðferðir leikrænnar tjáningar og leiklistar við Kennaraháskóla Íslands til loka ársins 2007. Æfinga- og tilraunaskóli KHÍ fékk haustið 1998 nafnið Háteigsskóli og varð árið 2003 móðurskóli leikrænnar tjáningar og leiklistar í kennslu í umsjón Ásu Helgu Ragnarsdóttur, verkefnisstjóra og Rannveigar Þorkelsdóttur (Ása Helga Ragnarsdóttir 2009).

Árið 2004 kom út bókina *Leiklist í kennslu: Handbók fyrir kennara* eftir Önnu og Ásu þar sem hugtakið leiklist í kennslu kom trúlega fyrst fram. Leiklist var sett inn á kjörsvið í KHÍ árið 2006 og þar með opnuðust kennaranemum möguleikar til sérhæfingar á sviðinu (Kristín Á. Ólafsdóttir 2005; Kristín Á. Ólafsdóttir 2007:62). Eins er nú boðið upp á kennaranám í Listaháskóla Íslands sem þýðir að þeir sem hafa leiklistarmenntun geta fengið kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi (Listaháskóli Íslands).

Frá því að leikræn tjáning kom fyrst fram í *Aðalnámskrá grunnskóla* 1976 hefur orðið mikil þróun. Í aðalnámskránni 1989 var að vísu lítið um leikræna tjáningu en þó áhersla á fjölbreytt vinnubrögð, alhliða þroska nemenda og þjálfun í samstarfi. Í 48. grein grunnskólalaga sem komu út 1991 er hugtakið leikræn tjáning nefnt í lagatextanum sjálfum og í 49. grein eru leiklist og dans tilgreind með öðrum listgreinum sem nefndar höfðu verið í eldri lögum (Kristín Á. Ólafsdóttir 2005).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* 1999 er lögð megin áhersla á „leiklist/leikræna tjáningu“ sem þverfaglega grein. Það er að segja að nota aðferðir leiklistarinnar til að kenna efni annarra greina innan grunnskólans. Þó er í aðalnámskránni fjallað um þrjár mismunandi leiðir sem hægt er að nota til að tengja leiklist við skólastarf. Það er að nota leiklist sem aðferð við að kenna almennar greinar, að kenna leiklist sem sjálfstæða námsgrein og að lokum að bjóða uppá ýmiskonar listasmiðjur þar sem leiklist eða leikræn tjáning er kennd á eigin forsendum en þó í tengslum við aðrar listgreinar (*Aðalnámskrá grunnskóla* 1999:88). Þarna mætti helst benda á að lítil áhersla er lögð á að koma leiklist á framfæri sem sérnámsgrein líkt og aðrar listgreinar voru þá. Þetta voru miklar framfarir á þeim tíma en okkur þykir það miður að lítið sem ekkert hefur breyst í endurútgáfu *Aðalnámskrár grunnskóla* 2007 (*Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar* 1999; *Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar* 2007).

1.5 Framtíðin

Í núgildandi aðalnámskrá er í listgreinahluta greinagóð lýsing á því hvernig eigi að nota leiklist sem kennsluaðferð, kenna framsögn og leikræna tjáningu. Í formála stendur að dans og leikræn tjáning sé samþætt öðrum námsgreinum eða kennd á námskeiðum og í valgreinum (*Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar* 2007:5). Okkar

reynsla er að kennsla leikrænnar tjáningar sé frekar handahófskennd og fari eftir áhuga og kunnáttu kennara hverju sinni. Leiklistinni er ekki gefið sama rými og hinum listgreinum, þar sem kennd eru tæknileg atriði sem varða listformið ásamt sögu og fagurfræðilegum nálgunum. Við teljum að þetta geti orsakast af því að námskráin taki ekki nógu skýrt fram hvernig kenna eigi um listformið ásamt því að leiklist fær ekki tíma á viðmiðunarstundaskrá.

Vigdís Jakobsdóttir, stofnandi Fræðsludeildar Þjóðleikhússins telur að fella ætti núverandi námskrá í leiklist/leikrænni tjáningu undir hvert fag fyrir sig og gera nýja fyrir listgreinina sjálfa. Hún hefur efasemdir um að hinn almenni kennari skoði markmið í listgreinahluta námskrárinnar og því ættu markmiðin betur heima inni í hverri grein fyrir sig. Vigdís er þeirrar skoðunar að ekki þurfi sérmenntaðan leiklistarkennara til að nýta leiklist sem kennsluaðferð heldur ætti hinn almenni kennari að ná tökum á henni eins og öðrum kennsluaðferðum. Þá ætti leiklistin að fá skilgreindan tíma á viðmiðunarstundaská og sérmenntaður leiklistarkennari að sjá um þá kennslu (Vigdís Jakobsdóttir 2009). Með þessu móti fengi leiklistin sama sess innan skólakerfisins og aðrar listgreinar.

2. Rök fyrir leiklist í skólastarfi

Með hjálp listarinnar hefur maðurinn tjáð tilgang og merkingu mannglegrar tilveru og mótað umhverfi sitt. Í listiðkun öðlast einstaklingurinn lífsfyllingu og finnur tilfinningum sínum og hugmyndum farveg. Skólinn er samfélag og þar leika listir sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni.

(Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar 2007:7).


Hér á eftir verður fjallað um gildi leiklistar sem listforms í skólastarfi og af hverju það ætti að vera kennt sem sérstök námsgrein innan grunnskólans.

2.1. Leiklist sem listgrein í grunnskóla

Í bókinni *Planning Process Drama* (Bowel og Heap 2001) velta höfundar fyrir sér hvar leiklist falli inn í grunnskólastarf og með hvaða hætti hægt sé að tengja leiklist við menntun. Meðal annars segja þeir að hægt sé að nota leiklistina á tvo vegu; að

læra um leiklist eða að læra um aðra hluti með aðferðum leiklistarinnar (Bowel og Heap 2001:1-2). Þetta er að mörgu leyti mjög svipað og talað er um í aðalnámskránni frá 1999 og 2007.

Þessar nálganir eru ekki svo ólíkar. Megin munurinn felst í því hver markmiðin eru, það er að segja hvað er það sem nemendur eiga að læra. Með því að læra um leiklist er aðal áherslan lögð á að nemendur læri um listformið, tækni og aðferðir og öðlist skilning á því að leika fyrir aðra. Með því að læra í gegnum leiklist dýpka nemendur skilning sinn á námsefninu hverju sinni. Mjög stutt er á milli þessara tveggja nálgana, þó að aðal áherslan sé á



Myndin sýnir hvernig nám í leiklist skarast hver sem markmiðin eru (Bowel og Heap 2001:5).

aðra þeirra þá er hin ávallt til staðar í bakgrunni. Nemendur læra ávallt eitthvað um leiklistina þó að áherslan sé á námsefnið eða öfugt, nemendur læra eitthvað um viðfangsefnið þó að áherslan sé á leiklistina (Bowel og Heap 2001:2-4). Aðalatriðið er að báðar þessar nálganir eiga heima innan skólakerfisins.

Nú þegar hefur leiklist sem kennsluáferð fengið sess í *Aðalnámskrá grunnskóla* og auk þess eru henni gerð nokkur skil í bók Ingvars Sigurgeirssonar (1999:102-106) *Litróf kennsluáferðanna*. Aðferðin hefur verið notuð í skólastarfi í fjölda ára og má ætla að notkun hennar fari vaxandi, ekki síst vegna aukinnar áherslu í kennaranámi (Kristín Á. Ólafsdóttir 2005). Við teljum þetta vera góða þróun og viljum að næsta skref sé að koma leiklistinni að í *Aðalnámskrá grunnskóla* sem listgrein á eigin forsendum.

Leiklist hefur talsverðan sess í skólastarfinu í mörgum skólum á Íslandi þar sem nemendur setja upp sýningar og leikverk. Leikarar, leikstjórar eða leiklistarkennarar sjá ýmist um námskeið, smiðjur eða halda jafnvel utan um allt leiklistarstarf í skólanum. Einstaka grunnskólar hafa sett leiklist sem fasta grein fyrir alla aldurshópa

í skólanámskrá og ráðið leiklistarkennara til að sinna þeirri kennslu. Algengara er þó að leiklist sé eingöngu í boði sem valgrein á unglíngastigi. Í aðalnámskrá mætti því tilgreina markmið og aðferðir innan leiklistarinnar til þess að gera leiklistarkennslu listformsins markvissa á landsvísu.

Í bresku aðalnámskránni er tilgreint að nemendur eigi að öðlast hæfni til að tjá sig í gegnum sjónlistir, læra að lesa í listformið og læra um þær ólíku leiðir sem hægt er að tjá sig í gegnum formið. Nemendur eiga þá að kynna sögu sjónlista, prófa sig áfram með ólíka stíla og skoða menningararfleifð sjónlista um allan heim (Hornbrook 1998b:52). *Aðalnámskrá grunnskóla* á Íslandi hefur svipaðar áherslur í myndlist en í lokamarkmiðum í leikrænni tjáningu er hvergi minnst á sögu leiklistar eða fagurfræðilega nálgun. Þar kemur þó fram að nemandinn eigi að hafa tileinkað sér færni til að skynja, greina og meta leiklist og leggja þannig grunn að persónulegu gildismati ásamt því að tileinka sér þekkingu á grunnaðferðum og grunntækni greinarinnar (*Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar* 2007:43). Þetta eru viðmið sem okkur þykir vel eiga við um listformið en þrátt fyrir það er miðað við að leiklist sé þverfagleg grein og lítið talað um hvernig kennari eigi að ná þessum markmiðum. „Í myndlist læra nemendur að skyggja og mæla og í tónlist læra nemendur tónfræði og sögu en leiklistin fær ekki þetta rými“ (Una Þorleifsdóttir 2009).

Við erum sannfærðar um að þegar nemendur læra um leiklist og öðlast leikni við að nýta sér aðferðir hennar fá þeir tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og afla sér þekkingar. Þeir fá öryggi til sjálfstæðrar hugsunar og kunnáttu til að fylgja hugsun sinni eftir og taka frumkvæði þar sem leiklistin krefst þess af þeim. Vegna eðli leiklistar læra nemendur að vinna í hóp þar sem þeir þurfa að hafa samskipti hver við annan en með því eflast félagsleg tengsl þeirra og samkennd með öðrum. Eitt af megin viðfangsefnum leiklistar eru tilfinningar en með því að koma eigin tilfinningum og hugsunum á framfæri eflist sjálfsöryggi og sjálfsmynd nemenda. Allir ofangreindir þættir nýtast nemendum í daglegu lífi og frekara námi (*Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar* 2007:6-7).

Í 2. grein grunnskólalaga er kveðið svo á

Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.

Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Leikræn og listræn tjáning er tilgreind sérstaklega í 24. grein grunnskólalaga þar sem kveðið er á um hvaða áherslu eigi að leggja í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Eins segir að námið eigi að nýtast nemendum í daglegu lífi og við frekara nám og starf (Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 12. júní).

Að okkar mati fá bóklegar greina meira vægi en verklegar í *Aðalnámskrá grunnskóla*. En við erum sammála Eisner þegar hann segir að listgreinar séu bæði bóklegar og verklegar en einhverra hluta vegna hefur orðið aðskilnaður milli hugar og handa í samfélagi nútímans. Það að vinna með hugarum virðist hafa meira vægi en að vinna með höndunum eða líkamanum. Vissulega eru til skólar fyrir þá sem vilja vinna með höndunum eða líkamanum á einhvern hátt en þess sjónarmiðs gætir að þeir sem séu virkilega klárir fari í bóknám. Eisner segir þessa hugmynd um aðskilnað hugar og handa vera í besta falli barnalega eða illa ígrundaða og að hún hafi slæm áhrif á menntun. Það er ekki hægt að vinna með líkamanum án þess að vinna með hugarum um leið. Hugur og hönd eru eitt (Eisner 1998:23).

Nú þegar hafa nokkrar listgreinar haslað sér völl innan grunnskólans, leiklist er ein af listgreininum og á því bersýnilega heima þar líka. Það njóta flest allir leiklistar með einhverjum hætti, hún er sammanlagt fyrirbæri sem hefur þróast með okkur og er hluti af samfélagslegri vitund okkar (Hornbrook 1998a:103). Leiklistin byggir á mörgum þáttum sem mynda heildarmyndina sem á að miðla til áhorfenda. Tungumál leiklistarinnar er samsett úr mörgu lögum (e. *layers*) sem eru meðal annars búningar, grímur, hár og förðun, sviðsmynd, leikmunir, tónlist og hljóð, leikur, handrit og leikstjórn. Hægt er að kenna tungumál leiklistarinnar og geta nemendur náð framförum líkt og í öðrum tungumálum (Kempe & Ashwell 2000:8-9). Að þessu leyti býður leiklist uppá fjölbreytta möguleika fyrir nemendur til þess að ná árangri. Leiklistin teygir sig yfir svo breitt svið að það ættu allir að finna eitthvað sem þeir eru góðir í (Hornbrook 1998b:62).

Með því að kenna nemendum um leiklist erum við að gefa þeim innsýn í menningu Íslands og annarra þjóða og varðveita þannig menningararf okkar. Þá gefur leiklist og aðrar listir lífsfyllingu sem nemendur fá notið til frambúðar.

2.2. Já við skulum...!

Við tókum þá ákvörðun að útbúa handbók fyrir kennara um kennslu leiklistar vegna þess að okkur langaði að fræðast meira um listformið og kennslu á því sviði. Við komumst að því að mikið er til af erlendu kennsluefni um leiklist en minna af íslensku. Markmið okkar var að búa til aðgengilegt kennsluefni og leiðbeiningar sem geta hjálpað kennurum sem vilja kenna leiklist. Í bókinni okkar er að finna almennar hugleiðingar um kennslu leiklistar, hugmyndir að námsmati og uppbyggingu kennslustunda, æfingakafla, verkefnakafla og að lokum kafla með verkefnum fyrir leikhúsforskiptann. Markmið bókarinnar er fyrst og fremst að þroska og þjálfa nemendur sem listunnendur. Æfingarnar og verkefnið eiga að veita nemendum innsýn í heim leikhússins.

Lokaorð

Tækifærin sem leiklist hefur að bjóða í skólastarfi eru ótal mörg og ekki hafa allir verið á eitt sáttir um hvaða leiðir skuli fara. Við lítum svo á að allar leiðirnar eigi rétt á sér og séu frábær viðbót við hið litríka starf sem nú þegar má finna í íslenskum skólum. Mörgum þykir að listformið hafi ekki fengið að njóta sín sem skyldi en það er vilji okkar að leiklist fái sama rými og aðrar listgreinar innan skólans. Það var stórt skref fram á við að koma leikrænni tjáningu og leiklist í kennslu að sem þverfaglegri grein í listgreinahluta aðalnámskrár. Hins vegar þykir okkur mikilvægt að sá hluti verði endurbættur og að listformið fái þar sama vægi og hinar listgreinarnar. Þá ætti að setja fram markmið með kennslu listformsins jafnt sem leikrænnar tjáningar og leiklistar í kennslu. Þannig fengi hver leið sitt verðskuldaða rými. Það er von okkar að bók sú sem við höfum nú sett saman gagnist við að veita nemendum innsýn í heim leiklistarinnar og leikhússins.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar*. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla – listgreinar*. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Anna Jeppesen. 1994. *Mál og túlkun – handbók kennara*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006. *Leiklist í kennslu – handbók fyrir kennara*. 2. útgáfa. Námsgagnastofnun, Reykjavík
- Ása Helga Ragnarsdóttir. 2009. Viðtal höfunda við Ásu Helgu Ragnarsdóttur aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Reykjavík 23. apríl.
- Bowell, Pamela og Brian S. Heap. 2001. *Planning Process Drama*. David Fulton Publishers Ltd, London.
- Braanaas, Nils. 2002. *Dramapedagogisk historie og teori*. 4. útgáfa. Tapir akademisk forla, Trondheim.
- Dickinson, Rachel & Jonothan Neelands. 2006. *Improve Your Primary School Through Drama*. David Fulton Publishers, London.
- Eisner, Elliot W. 1998. *The kind of schools we need*. Heinemann, Portsmouth.
- Eisner, Elliot W. 2002. *The arts and the creation of mind*. Yale University Press, New Haven.
- Hornbrook, David. 1998a. *Education and Dramatic Art*. 2. útgáfa. Routledge, London og New York.
- Hornbrook, David. 1998b. „Crafting Dramas“. *On The Subject of Drama*, bls. 51-67. Ritstjóri David Hornbrook. Routledge, London og New York.
- Hornbrook, David. 1998c. „Drama and Education.“ *On The Subject of Drama*, bls. 6-15. Ritstjóri David Hornbrook. Routledge, London og New York.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluaðferðanna – handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Æskan ehf, Reykjavík.
- Johnson, Liz & Cecily O’Neill. 1984. „Introduction“. *Dorothy Heathcote: Collected writings on education and drama*. Hutchinson, London.
- Kempe, Andy & Marigold Ashwell. 2000. *Progression in Secondary Drama*. Heinemann, Oxford.
- Kristín Á. Ólafsdóttir. 2005. „Fræ í grýtta jörð – eða framtíðarblómstur.“ *Netla – vef tímarit*. Vefslóð: <http://netla.khi.is>. [Sótt 22. janúar 2009.]

- Kristín Á. Ólafsdóttir. 2007. *Þróun leikrænnar tjáningar í íslenskum grunnskólum*. Óbirt M.A. ritgerð, Háskóli Íslands.
- Lengborn, Thorbjörn. 1994. „Ellen Key.“ *Thinkers on education*, 2. bindi bls 825-837. Ritsjóri Zaghoul Morsy. Imprimerie des Presses Universitaires de France, Vendôme.
- Listaháskóli Íslands. Vefslóð: <http://kennaranam.lhi.is/>. [Sótt 19. mars 2009.]
- Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 12. júní.
- Myhre, Reidar. 2001. *Stefnur og straumar í uppeldisfræði*. Bjarni Bjarnason þýddi. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Neill, Alexander S. 1976. *Summerhillskólinn*. SÍNE-félagar Darmstadt þýddu. Mál og menning, Reykjavík
- Slade, Peter. 1974. *Börnedrama*. Þýðing Jensen, E.A og Rifbjerg, S. Gyldendals pædagogiske bibliotek, Kaupmannahöfn.
- Slade, Peter. 1958. *An introduction to child drama*. Hodder and Stoughton, London.
- Una Þorleifsdóttir. 2009. Viðtal höfunda við Unu Þorleifsdóttur aðjúnkt við leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Reykjavík 27. Janúar.
- Vigdís Jakobsdóttir. 2009. Viðtal höfunda við Vigdís Jakobsdóttur stofnanda fræðsludeildar Þjóðleikhússins. Reykjavík 15. janúar.
- Way, Brian. 1967. *Development through Drama*. Longman, London.